

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	12.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsen	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Bragason	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins með starfsleyfi Norðuráls á Grundartanga. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Rætt var hvernig Covid19 hefur haft áhrif en til viðbótar við sóttvarnarráðstafanir á svæðinu hefur þurft að fresta erlendum kvörðunaraðilum frá komu. Rætt var um reykheinsvirki 1 en stjórnupokar með auknu rúmmáli voru teknar þar í notkun árið 2014, þeir eru enn í notkun en nýlegar prófanir gefa til kynna að þeir eigi meiri líftíma eftir.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsókn og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávik. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Norðuráls í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvisvar í vettvangsferðir í álverið í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Farið var yfir áhersluverkefnið og olíugeyma á svæðinu sem eru 6 talsins.


Farið var yfir niðurstöður mengunarmælinga og ársfjórðungsskýrslur. Frárennismælingar frestuðust en hafa nú verið framkvæmdar. Rætt var um flúorstyrk vestan við iðnaðarsvæði á Grundartanga og niðurstöður úr umhverfisvöktun.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði Norðuráls að eftirlitsfundi loknum og var ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.10.2020


Einar Halldórsson